

Priðjudaginn 21. nóvember 1989.

Nr. 4/1989. **Farmanna- og fiskimannasamband Íslands
vegna Vélstjórafélags Íslands**

(Hjalti Steinþórsson hrl.)

gegn

Landsvirkjun

(Hreinn Loftsson hdl.).

Kjarasamningur. Forgangsréttur. Vélstjórar.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Auður Þorbergsdóttir, Ingi-
björg Benediktsdóttir, Gunnar Guðmundsson og Viðar Már
Matthíasson.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum mál-
flutningi 16. þ.m., er höfðað með stefnu birtri 14. september sl.

Stefnandi er Farmanna- og fiskimannasamband Íslands vegna
Vélstjórafélags Íslands, Borgartúni 18, Reykjavík.

Stefndi er Landsvirkjun, Háaleitisbraut 68, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að dæmt verði, að með ráðningu tækniþræðings til starfa
í nýrri stjórnstöð Landsvirkjunar í Reykjavík í júní sl. hafi Lands-
virkjun brotið gegn ákvæðum kjarasamnings Vélstjórafélags Íslands
og Landsvirkjunar frá 24. ágúst 1988 um forgangsrétt fastráðinna
vélfraðinga hjá Landsvirkjun og félagsmanna Vélstjórafélags
Íslands til starfa.

2. Að Landsvirkjun verði gert að greiða stefnanda málskostnað
að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

Að hann verði sýknaður af kröfu stefnanda og að stefnanda verði
gert að greiða honum málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, auk
söluskatts lögum samkvæmt.

I.

Stefnandi kveður málavexti þessa: Með auglýsingu, dags. 11. maí
1989, auglýsti Landsvirkjun eftir tveimur starfsmönnum til starfa
í stjórnstöð Landsvirkjunar í Reykjavík. Í auglýsingunni er tekið
fram, að kröfur um lágmarksmenntun séu á sviði rafiðnaðar eða
vélfraði, en tækniþræðimenntun sé æskileg. Af hálfu Vélstjóra-

félags Íslands var talið, að ef af ráðningu tæknifræðinga í umrædd störf yrði, væri með því brotið gegn ákvæðum kjarasamnings málsaðila um forgangsrétt vélfræðinga til starfa hjá Landsvirkjun. Var Landsvirkjun kynnt þessi afstaða Vélstjórafélags Íslands með bréfi, dags. 16. maí 1989.

Nokkrar viðræður urðu með aðilum í framhaldi af bréfi Vélstjórafélags Íslands, en ekki náðist samkomulag, og varð niðurstaðan sú, að Landsvirkjun réð tæknifræðing í annað umræddra tveggja starfa í lok júní sl. þrátt fyrir mótmæli Vélstjórafélags Íslands.

Með bréfi Landsvirkjunar, dags. 27. júní 1989, var starfandi vélfræðingum við stjórnstöð Landsvirkjunar á Geithálsi gefinn kostur á starfi í nýju stjórnstöðinni, en hún mun koma í stað stjórnstöðvarinnar á Geithálsi.

Voru þessir starfsmenn ráðnir til starfa í nýju stjórnstöðinni að tveimur starfsmönnum undanskildum, sem voru um það bil að láta af störfum fyrir aldurs sakir.

Þau tvö störf, sem auglýst höfðu verið hinn 11. maí sl., áttu því í raun að fylla það skarð, sem myndaðist, er umræddir 2 starfsmenn á Geithálsi létu af stöfum.

Talsverður fjöldi umsókna mun hafa borist um hin nýju störf bæði frá vélfræðingum, tæknifræðingum og rafíðnaðarmönnum.

Landsvirkjun réð síðan vélfræðing í annað starfið, en tæknifræðing í hitt þrátt fyrir mótmæli Vélstjórafélags Íslands og ábendingar um forgangsréttarákvæði kjarasamnings. Var því ákveðið að höfða mál þetta til að fá skorið úr ágreiningi aðila.

Málsástæður og lagarök.

Kröfur stefnanda eru byggðar á greinum 1.1., 1.2. og 1.4. í kjarasamningi aðila frá 24. ágúst 1988, en ákvæðin eru svohljóðandi:

1.1. „Samningur þessi tekur til allra starfa, sem vélfræðingum eru falin á hverjum tíma á sviði verk- og vélstjórnar hjá Landsvirkjun.“

1.2. „Landsvirkjun skuldbindur sig til að láta vélfræðinga, sem eru fullgildir félagsmenn í Vélstjórafélagi Íslands, hafa forgangsrétt til þeirra starfa, sem um ræðir í þessum samningi.“

1.4. „Eftir því sem Landsvirkjun telur við verða komið, skulu fastráðnir vélfræðingar við orkuverin að jafnaði ganga fyrir við ráðningar í lausar vélfræðingsstöður, er þeir kunna að sækja um. Á sama hátt skulu vélfræðingar með lengstan starfsaldur við orkuverið að

jafnaði ganga fyrir við ráðningu í æðri vélfræðingsstöður. Lausar vélfræðingsstöður hjá Landsvirkjun skulu auglýstar við orkuverin.“

Stefnandi byggir á því, að störf þau, sem auglýst voru, komi í raun í stað starfa þeirra tveggja vélfræðinga, sem hætta störfum á Geithálsi, og að störfin séu hin sömu og vélfræðingum hafi áður verið falin hjá Landsvirkjun. Því taki forgangsréttarákvæði kjarasamnings aðila til starfanna, og hafi stefndi því brotið gegn þeim ákvæðum við ráðningu tæknifræðings í annað starfið.

II.

Stefndi lýsir málavöxtum svo: Á vegum Landsvirkjunar hefur um alllangt skeið verið unnið að undirbúningi og uppsetningu nýrrar stjórnstöðvar fyrirtækisins, sem verður að Bústaðavegi 7 í Reykjavík. Þegar stöðin verður tekin í notkun, verða núverandi stjórnstöðvar fyrirtækisins á Geithálsi og á Akureyri lagðar niður. Stjórnstöð Landsvirkjunar á Geithálsi hefur verið starfrækt með núverandi stjórnkerfi síðan haustið 1974 og nær til Suður- og Vesturlands. Stjórnstöðin á Akureyri er í eigu Landsvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins og nær til Norður- og Austurlands og er svipaðrar gerðar og stjórnstöðin á Geithálsi. Stjórnkerfið í þeirri stöð var hannað árið 1973. Hin nýja landsstjórnstöð Landsvirkjunar mun ná til alls orkuframleiðslu- og orkuflutningskerfis fyrirtækisins, en síðan 1983 hefur Landsvirkjun haft yfirumsjón með því sem næst öllu raforkukerfi landsmanna. Hinni nýju stjórnstöð er ætlað að auðvelda Landsvirkjun að rækja þetta viðamikla hlutverk, þar sem eldri stjórnkerfi anna því engan veginn, enda komin til ára sinna og byggja á úreltri tækni. Áætlaður kostnaður við uppsetningu nýju stjórnstöðvarinnar er yfir 700 milljónir króna.

Mjög örar tæknibreytingar hafa orðið á síðustu 5-10 árum í vélbúnaði og hugbúnaði, er tengist stýringu og eftirliti með raforkuframleiðslu. Nýja stjórnstöðin verður búin fullkomnustu tækjum, sem völ er á í þessu efni, og má því búast við, að öryggi og eftirlit með flutningi og afhendingu raforku á þjónustusvæði Landsvirkjunar aukist til muna með tilkomu hennar.

Vegna hins fullkomna tölvubúnaðar í stjórnstöðinni verður óhjákvæmilegt að gera aðrar og meiri kröfur til undirstöðumenntunar starfsmanna á reglubundnum vöktum en nauðsyn bar til í gömlu stjórnstöðinni á Geithálsi. Sú mikilvæga breyting verður á starfi og ábyrgð vaktmanna, að störf verða færð í stjórnstöðina sem

nú eru unnin af verkfræðingum í rekstrar- og tækniþróunardeild Landsvirkjunar. Í stjórnstöðinni á Geithálsi hafa rafiðnaðarmenn og vélfræðingar verið í störfum vaktmanna. Það fyrirkomulag hefur gilt síðan 1979, en fram að þeim tíma voru einvörðungu rafiðnaðarmenn í þessum störfum. Í stjórnstöðinni á Akureyri starfa einvörðungu rafiðnaðarmenn. Vaktmennirnir geta sinnt flestum einfaldari eftirlitsstörfum, en nauðsynlegt hefur reynst að hafa á bakvöktum tæknifræðinga og/eða verkfræðinga til að grípa inn í, ef flóknari vandamál hefur borið að höndum. Þetta hefur reynst kostnaðarsamt fyrir Landsvirkjun. Skýringin á þessu fyrirkomulagi er sú, að þegar stjórnstöðin á Geithálsi var tekin í notkun, var ekki nægilegt framboð af tæknifræðingum eða verkfræðingum í landinu til að taka að sér þessi störf.

Til samanburðar má geta þess, að í hliðstæðum stjórnstöðvum orkufyrirtækja í Noregi og Svíþjóð starfa nær einvörðungu tækni-fræðingar eða verkfræðingar á reglubundnum vöktum.

Landsvirkjun ber ábyrgð á því gagnvart raforkunotendum í landinu, að hin mikla fjárfesting í tækjakosti nýju landsstöðvarinnar skili sér með fullri nýtingu búnaðarins og aukinni hagkvæmni í rekstri raforkukerfisins. Mikilvægt skilyrði þess, að búnaðurinn komi að fullum notum og skili fullum afköstum, er, að þeir vaktmenn, sem vinna við hann, kunni tökin á hinn nýju tækni. Að öðrum kosti er hætt við, að fjárfestingin skili sér ekki í aukinni hagkvæmni og öryggi við rekstur raforkukerfisins. Það er því stefna Landsvirkjunar, að starfsmenn á reglubundnum vöktum í nýju stjórnstöðinni hafi sem mesta undirstöðumenntun.

Stjórnendur Landsvirkjunar álíta, að við nýráðningar hljóti mat fyrirtækisins að ráða um hæfni manna til að gegna störfum vaktmanna. Þröng stéttarsjónarmið megí ekki aftra fyrirtækinu frá því að gera auknar menntunarkröfur til starfsmanna sinna. Þessi viðhorf forráðamanna Landsvirkjunar voru kynnt vaktmönnum í gömlu stjórnstöðinni á fundum á síðastliðnum vetri, og þau eru rækilega tíunduð í bréfum til vaktmanna frá 27. júní.

Það hefur þó jafnframt verið sjónarmið Landsvirkjunar, að starfsmenn á reglubundnum vöktum í stjórnstöðinni á Geithálsi hafi öðlast sérhæfða reynslu og þekkingu í störfum sínum, sem geti nýst þeim sem undirstaða fyrir störf í nýju stjórnstöðinni. Því var ákveðið að bjóða þeim störf þar, enda yrði gerður ráðningarsamn-

ingur við þá um nýtt starf á nýjum vinnustað. Nauðsynlegt yrði þó fyrir þá að gangast undir viðamikla starfsþjálfun og hæfnispróf.

Skömmu eftir að viðræður hófust á síðastliðnum vetri um vaktafyrirkomulag í nýju stjórnstöðinni, var ákveðið, að tveir vélfræðingar, sem unnið hafa á Geithálsi, tækju ekki störf í nýju stjórnstöðinni vegna aldurs. Þeir myndu þó starfa á Geithálsi, uns nýja stjórnstöðin yrði tekin í gagnid, þ.e. á meðan samkomulag um vaktmenn á Geithálsi væri í gildi. Af hálfu Landsvirkjunar var afráðið að auglýsa tvær stöður í nýju stjórnstöðinni, og var það gert með auglýsingu, sem birtist í fjölmiðlum 14. maí. Fyrirtækið taldi sig ekki bundið af því að ráða einvörðungu vélfræðinga í þessar stöður, þar sem um nýjar stöður er að ræða, enda kemur það fram í auglýsinguinni, að æskilegt sé, að umsækjendur hafi tæknifræðimenntun.

Vélstjórafélag Íslands hefur ekki sætt sig við þessa afstöðu Landsvirkjunar og mótmælti henni sérstaklega með bréfi frá 16. maí. Telur Vélstjórafélag Íslands, að í kjarasamningi félagsins og Landsvirkjunar felist forgangsréttur vélfræðinga til starfa í hinni nýju stjórnstöð. Landsvirkjun fellst ekki á sjónarmið Vélstjórafélags Íslands og hefur því ráðið tæknifræðing í aðra þá stöðu, sem Vélstjórafélagið telur, að forgangsréttur vélstjóra taki til.

Ekki sjást nein rök fyrir því, að störf í nýju landsstjórnstöðinni verði framvegis bundin þeim tveimur starfsstéttum, sem nú starfa í stjórnstöðinni á Geithálsi, ekki síst með tilliti til þess, að í æðri menntastofnunum þjóðarinnar eru í boði námsbrautir, sem nýtast vel sem grunnmenntun undir þessi störf. Landsvirkjun hefur ekki síður skyldum að gegna gagnvart því fólki en félagsmönnum tiltekinnar stéttarfélaga.

Málsástæður og lagarök.

Landsvirkjun hafnar þeirri afstöðu Vélstjórafélags Íslands, að forgangsréttarákvæði í kjarasamningi aðila nái til þess, að vélfræðingar hafi forgangsrétt umfram aðrar starfsstéttir til starfa á reglubundnum vöktum í hinni nýju stjórnstöð fyrirtækisins að Bústaðavegi 7 í Reykjavík.

Framangreind afstaða Landsvirkjunar hvílir á eftirgreindum málsástæðum og lagarökum:

Í fyrsta lagi er um ný störf á nýjum vinnustað að ræða. Hér er verið að búa til nýjar stöður, sem fela í sér meiri kröfur um undirstöðumenntun og ábyrgð en fylgt hefur störfum vaktmanna á Geit-

hálsi. Áður en starfsmenn hefja störf á vöktum í nýju stjórnstöðinni að Bústaðavegi 7, verður gerður sérstakur ráðningarsamningur, og gert er ráð fyrir sérstökum kjarasamningi við starfsmenn nýju landsstjórnstöðvarinnar. Vaktmönnum á Geithálsi var tilkynnt með bréfi, dags. 27. júní sl., að störf þeirra yrðu lögð niður, jafnframt því sem þeim var boðið nýtt starf á vegum Landsvirkjunar.

Nú gildir um starfsmenn í stjórnstöðinni á Geithálsi sérstakt samkomulag til hliðar við kjarasamninga Landsvirkjunar við Rafiðnaðarsamband Íslands og Vélstjórafélag Íslands um vinnutilhögun og önnur kjör. Skýrt er tekið fram í þessu samkomulagi, að það gildi „á meðan núverandi stjórnstöð Landsvirkjunar á Geithálsi er starfrækt“, en falli úr gildi sama dag og störf vaktmanna við stjórnstöð Landsvirkjunar við Bústaðaveg 7 hefjast, enda verði gengið frá kjarasamningi þar um. Hér ganga samningsaðilar augljóslega að því sem gefnum hlut, að gera verði nýjan samning um störf vaktmanna í nýju stjórnstöðinni og að gamli samningurinn geti ekki átt við um störfin þar.

Þess ber að geta í þessu sambandi, að það er ekki rétt, sem fram hefur komið af hálfu Vélstjórafélags Íslands, að þeir tveir nýju starfsmenn, sem ráðnir hafa verið í nýju landsstjórnstöð Landsvirkjunar, komi í stað þeirra tveggja vaktmanna, sem nú starfa á Geithálsi, en munu ekki taka starf í nýju stöðinni. Hið rétta er, að vaktmennirnir tveir á Geithálsi munu starfa eftir núgildandi samkomulagi, uns það fellur úr gildi. Nýju mennirnir tveir munu starfa eftir því samkomulagi, sem gert verður við vaktmenn á nýja vinnustaðnum.

Í öðru lagi byggist afstaða Landsvirkjunar á túlkun ákvæða í gildandi kjarasamningi Landsvirkjunar og Vélstjórafélags Íslands. Þar segir um gildissvið samningsins í gr. nr. 1.1., að hann taki til „allra starfa sem vélfræðingum eru falin á hverjum tíma á sviði verk- og vélstjórnar hjá Landsvirkjun“. Samkvæmt orðanna hljóðan eru samningsaðilar sammála um, að breytingar geti orðið á því, hvaða störf vélfræðingum eru falin á vegum Landsvirkjunar frá einum tíma til annars. Það felst í orðalaginu störf „sem vélfræðingum eru falin“, að Landsvirkjun sem vinnuveitandi ákveði, hvaða starfsmenn gegni tilteknum störfum. Þannig gegndu vélfræðingar ekki vaktmannsstöðum á Geithálsi fyrr en árið 1979. Fyrir þann tíma voru rafiðnaðarmenn í öllum störfunum á Geithálsi, en nú hafa vélfræðingar helming starfanna og rafiðnaðarmenn hinn helminginn.

Í sambærilegri stjórnstöð á Akureyri eru einvörðungu raf-iðnaðarmenn í vaktmannsstörfum, eins og áður hefur verið bent á.

Landsvirkjun telur, að ekki geti falist í forgangsréttarákvæði í gr. nr. 1.2. í gildandi kjarasamningi fyrirtækisins og vélfræðinga skuldbinding af hálfu fyrirtækisins þess efnis, að hafi tiltekin störf verið unnin af hópi starfsmanna á grundvelli menntunar þeirra, skuli þeim tryggður réttur til þeirra verka um öll ókomin ár. Slíkt myndi leiða til stöðnunar. Forgangsrétturinn tekur til hefðbundinna starfa viðkomandi starfshóps, en hann tryggir hvorki, að störfin verði ávallt unnin, né heldur, að störfin verði ávallt unnin með þeirri aðferð, sem hópurinn ræður yfir. Tækniþróunin hlýtur að ráða úrslitum um það, hvort tiltekin störf skuli felld undir verksvið vélfræðinga eða hvort aðrir starfshópar séu betur færir um að sinna þeim. Það er t.d. líklegt, að „tölvubyltingin“ geti haft þau áhrif, að starfsmenn með menntun á sviði tölvufræða taki við verkefnum, sem vélfræðingar unnu áður. Einnig er hugsanlegt, að tæknibreytingar geti gert sum störf óþörf, sem áður voru unnin af vélfræðingum, eða að grunnmenntun vélfræðinga nýtist þeim ekki til að sinna nýjum verkum.

III.

Forgangsréttarákvæði í kjarasamningi aðila taka til „allra starfa sem vélfræðingum eru falin á hverjum tíma á sviði verk- og vélstjórnar hjá Landsvirkjun“.

Upplýst er, að af 50 félagsmönnum stefnanda Vélstjórafélags Íslands, sem vinna hjá stefnda Landsvirkjun, starfi aðeins 6 við kerfi-ráð í stjórnstöð. Þessum störfum hafa þeir gegnt frá árinu 1979 samhliða raf-iðnaðarmönnum, en fyrir þann tíma gegndu raf-iðnaðarmenn þeim einir.

Fram er komið af hálfu stefnanda, að hann hefði ekki talið það brot á kjarasamningi aðila, ef raf-iðnaðarmaður hefði verið ráðinn í starf það, sem hér um ræðir. Með hliðsjón af þessu telur dómurinn upplýst, að störf þau, sem ráðið var til eftir auglýsingu, dags. 11. maí 1989, séu ekki hefðbundin vélfræðingastörf, sem forgangs-réttarákvæði kjarasamnings aðila taki til.

Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Rétt þykir, að stefnandi greiði stefnda málskostnað, sem ákveðst kr. 150.000,00, þar með talinn söluskattur.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Landsvirkjun, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands vegna Vélstjórafélags Íslands, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 150.000,00 í málskostnað, þar með talinn söluskatt.

Fimmtudaginn 30. nóvember 1989.

Nr. 6/1989.

**Alþýðusamband Íslands f.h.
Alþýðusambands Vestfjarða vegna
Verkalýðsfélags Patreksfjarðar**

(Arnmundur Backman hrl.)

gegn

**Útvegsmannafélagi Vestfjarða
vegna Vestra h/f og Patreks h/f**

(Jónas Haraldsson hdl.).

Kjarasamningur. Hásetar.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Jón Þorsteinsson og Gunnar Guðmundsson.

Málið, sem tekið var til dóms 21. nóvember sl., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, birtri 16. september sl.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands, Grensásvegi 16, Reykjavík, f.h. Alþýðusambands Vestfjarða vegna Verkalýðsfélags Patreksfjarðar.

Stefndi er Útvegsmannafélag Vestfjarða vegna Vestra h/f og Patreks h/f á Patreksfirði.